

**Námsgrein / heildstætt verkefni:**

Stærðfræði

Tímabil: Skólaárið 2023 - 2024**Námsmarkmið:**

Nemendur kynnast hvernig á að vinna með tölur, líkur, tugabrot, rúmfræði, mælingar, almenn brot, margföldun, deilingu, hnitakerfi og hlutföll.

Verkefni:

- **Tölur og reikningur:** tugakerfi, námundun, hugareikningur, samlagning og frádráttur, negatífar tölur, talnarunur, frumtölur, margföldun.
- **Líkur:** tilraunir og mögulegar útkomur, líkur frá 0 til 1, líkur í spilum og líkur í daglegu lífi.
- **Tugabrot:** tugabrot á talnalínu, þúsund hlutar, talnamynstur og tugabrot, tölur og tölustafir, námundun og slumpureikningur, samlagning og frádráttur, margföldun og frádráttur, vasareikningur.
- **Rúmfræði:** búa til þrívíða hluti, yfirborðsflatarmál, teikna þrívíð form, fjarvíddarteikningar, eiginleikar þrívíðra forma, strendingar og píramídar, trapisa, hornalínur.
- **Mælingar:** þyngd, samlagning og frádráttur, jafn þungt, jöfnur, rúmmál, yfirborðsflatarmál, rúmmál ferstrendinga, tími.
- **Almenn brot:** hluti af heild og hluti af safni, finna heildina út frá broti, brot af einhverju, að finna heildina, samlagning og frádráttur, að lengja og stytta brot, jafn stór brot, ósamnefnd brot, margföldun, prósentur.
- **Margföldun og deiling:** margföldun með blaðreikningi, deiling með blaðreikningi, tengsl margföldunar og deilingar, margföldun og deiling tugabrota, vasareiknir.
- **Hnitakerfi og hlutföll:** hnitakerfi og hlutfallareikningur, mælikvarði, vegalengd og hraði.

Kennsluaðferðir:

- innlagnir kennara, einstaklingsvinna, paravinna og hópavinna
- áætlanir tengdar hverjum kafla
- verkefni frá kennurum
- verkefni af www.mms.is (námsfni og forrit)
- glósutækni
- tengsl við daglegt við líf

Námsefni/kennslugögn:

Stika 2a og 2b, æfingahefti Stika 2a og 2b.

Verkefni frá kennara.

Námsmat

Nemendur þurfa að ljúka áætlunum á tilskildum tíma.

Leiðsagnarmat og símat.

